

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1091**  
**komudagur 28.2.2006**

**llbrautin**  
bindindisfélag ökumanna

Skrifstofa Alþingis  
b.t. nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2006

**Efni: Um 434. mál – æskulýðslög**

Brautin – bindindisfélag ökumanna styður að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Félagið fagnar sérstaklega 10. gr frumvarpsins um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi þar sem öllu starfsfólki er óheimilt að neyta áfengis eða annarra vímuefna. Einnig fagnar félagið 3. mgr 10. gr frumvarpsins þar sem ekki er heimilt að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot eða vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni.

Að auki fagnar félagið III. kafla laganna um æskulýðssjóð.

Virðingarfyllt

f.h. Brautarinnar



Guðmundur Karl Einarsson  
framkvæmdastjóri